STJÓRNARTÍÐINDI B 23 – 2001

5. mars 2001 449 Nr. 187

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 8/2001 um breytingu á auglýsingu nr. 6/2001 um fresti til að skila framtölum skv. 2. mgr. 93. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 15. gr. laga nr. 149/2000, og um form framtala vegna álagningar opinberra gjalda á árinu 2001, sbr. 91. gr. laga nr. 75/1981 með áorðnum breytingum.

Ríkisskattstjóri hefur ákveðið að lokafrestur manna, sem eigi hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, til að skila framtölum til skattstjóra skuli vera til 26. mars 2001. Þeir framteljendur, sem af óviðráðanlegum ástæðum, svo sem dvöl erlendis eða veikindum, geta ekki skilað framtali sínu fyrir 26. mars 2001 skulu skila framtali sínu svo fljótt sem auðið er og gera með athugasemd á framtalinu grein fyrir ástæðum síðbúinna skila. Frestur til að skila framtali með rafrænum hætti á upplýsingavef ríkisskattstjóra rsk.is er þó til 2. apríl 2001.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi 1. gr. auglýsingar nr. 6/2001.

Reykjavík, 5. mars 2001.

Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri.

8. mars 2001 Nr. 188

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 168/2000 um skilyrði fyrir löggildingu iðnmeistara samkvæmt 10. tölul. í ákvæði til bráðabirgða laga nr. 73/1997, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað orðanna „1. júlí 2001“ í 1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar kemur: 1. september 2001.

2. gr.

2. málsliður 2. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Í nefndinni eiga sæti fulltrúi tilnefndur af Samtökum iðnaðarins, fulltrúi tilnefndur af Skipulagsstofnun, fulltrúi tilnefndur af Meistarafélagi húsasmiða, fulltrúi án tilnefningar sem skal vera formaður og jafn margir varamenn.

3. gr.

11. tölul. 2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar orðast svo: A.m.k. 5 kennslustundir í lausn verkefna, þar sem þátttakendur sanna kunnáttu sína í ofangreindum atriðum. Skal það gert í samráði við nefnd skv. 2. gr.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 10. tölul. í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 73/1997 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 8. mars 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

Nr. 189 8. mars 2001

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 2/1999 um útgáfu húsbréfa á árunum 1999, 2000 og 2001 fyrir Íbúðalánasjóð, sbr. reglugerð nr. 607/1999, 115/2000, 651/2000 og 884/2000.

1. gr.

3. málsl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar, með síðari breytingu, orðast svo:
Húsbréfaflokkunum skal lokað eigi síðar en 1. september 2001.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 24. gr. og 29. gr. laga nr. 44/1998 um húsnæðismál, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 8. mars 2001.

F. h. r.
Ingi Valur Jóhannsson.

Óskar Páll Óskarsson.

Nr. 190 8. mars 2001

REGLUGERÐ

um bann við veiðum með fiskibotnvörpu suðvestur af Snæfellsnesi.

1. gr.

Allar veiðar með fiskivörpu eru bannaðar suðvestur af Snæfellsnesi á svæði sem markast af línum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 64°43'70 N - 24°14'00 V
2. 64°36'70 N - 24°19'40 V
3. 64°34'50 N - 24°18'50 V
4. 64°34'50 N - 24°23'00 V
5. 64°39'80 N - 24°23'20 V
6. 64°43'70 N - 24°19'00 V